

Hvalfjarðarsveit nóvember 2013

Hvalfjarðarsveit styrkir börn og ungmenni allt að 18 ára aldri til íþróttar og tómstundaiðkunar. Styrkirnir eru ætlaðir sem hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna þjálfunar og keppni. Styrkina skal miða við almanaksárið.

Viðmiðunarreglur við styrkveitingu:

- Hvalfjarðarsveit styður íþróttar og tómstundaiðkun barna og unglunga í sveitarfélaginu með tveimur 20.000 kr. tómstundaávísunum á ári.
- Hvalfjarðarsveit styrkir íþróttar og/eða tómstundaiðkendur sveitarfélagsins til keppnisferða erlendis um 25.000 kr.
- Hvalfjarðarsveit styrkir íþróttar og/eða tómstundaiðkendur í sveitarfélaginu til æfingaferða erlendis um 20.000 kr.
- Reiknað er með að hver og einn geti sótt um styrk einu sinni á ári.
- Umsóknir skulu sendast fræðslu og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranes. Umsókn þarf að fylgja: Dagskrá keppni/móts og staðfesting um þátttöku.

Reglurnar skulu koma til endurskoðunar september ár hvert.  
Fræðslu- og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 12. nóvember 2013.

Laufey Jóhannsdóttir  
sveitarstjóri